



Söngurinn hefur alltaf fylgt mér

Anna Þuríður Sigurðardóttir

„Söngurinn hefur alltaf fylgt mér. Ég man að ég söng fyrst fyrir framan annað fólk fimm ára í Ísafjarðarkirkju. Stína Gísla sem var prestur í Holti fékk mig til að koma og syngja og ég man hvað mér þótti þetta gaman og það má eiginlega segja að ég hafi ekki getað hætt eftir þetta. Mamma var reyndar voða dugleg að láta mig syngja hvenær sem færi gafst og ég var kannski ekkert alltaf neitt rosalega ánægð með það, en það vinnur með mér í dag.“


– sjá bls. 6–9



Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 6. október 2016 · 37. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



HAMRABORG

Hamraborg ehf · Hafnastræti 7
Sími 456 3166



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með roastbeef



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með kjúklingsalati



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*Alltaf
nýsmurt*



Grunnskóli Bolungarvíkur hlaut landsverðlaun eTwinning á Íslandi

Rannís, Landskrifstofa eTwinning á Íslandi veitti í vikunni 13 eTwinning verkefnum gæðamerki, jafnframt því sem Grunnskóli Bolungarvíkur hlaut þar sérstök landsverðlaun fyrir eitt verkefni sinna. Ágúst Hjörtur Ingþórsson, sviðsstjóri mennta- og menningarsviðs Rannís, afhenti viðurkenningarnar við hátíðlega athöfn að loknum Menntabúðum í húsnaði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Stakkahlíð. Óhætt er að segja að Grunnskóli Bolungarvíkur hafi riðið feittum hesti frá afhendingunni er þrjár viðurkenningar komu í hlut skólans.



Frá afhendingunni

Reisa þrjú hús á Ísafirði

Í síðustu viku var greint frá því að Húsasmiðjan reisir nýtt verslunarhús á Ísafirði og sjá Vestfirskir verktakar ehf. um byggingu hússins. Vestfirskir verktakar eru með fleiri járn í eldinum og eru nú að reisa tvær skemmur á Mávagarði. „Skemmurnar seldust eins og skot og það komust færri að en vildu,“ segir Garðar Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri Vestfirskra verktaka. Fyrirtækið hefur sótt um lóðir fyrir tvær skemmur til viðbótar á Mávagarði og nú þegar fengið jákvætt svar við annarri umsókninni. Því mun að minnsta kosti eitt hús til viðbótar rísa á Mávagarði á næsta ári. „Það eru bæði fyrirtæki og einstaklingar að kaupa bíl í skemmunum og það var greinilega vöntun á þessu,“ segir

Garðar.

Garðar og hans menn hafa grafið fyrir sökklum á nýju verslunarhúsnaði Húsasmiðjunnar sem verður á Suðurtanga, nánar tiltekið við götuna Æðartanga sem er hluti af nýju skipulagi Suðurtangans. „Við byrjum að stilla upp fyrir sökklum í þessari viku og eigum von á stálgrindinni í desember og stefnum á að vera búnir að loka húsinu í janúar.“

Húsasmiðjan fær húsið afhent í apríl og stefnt að opnun verslunarinnar í maí.

Þessi þrjú hús, þar sem Húsasmiðjuverkið er stærst, gera það að verkum að verkefnastaðan hjá Vestfirskum verktökum er mjög góð í haust og vetur. Garðar bætir við að mikið hafi verið að gera í viðhaldsverkefnum fyrir einstaklinga í sumar og haust.

rafbóka og allt þar á milli.

Skólinn hlaut viðurkenningu fyrir *The eShow!* Kvikmyndaverkefni þar sem nemendur gerðu fréttir, auglýsingar, stuttmyndir og þætti. Fimm lönd unnu saman að verkefninu sem tengdist tungumálum, náttúrufræði, íþróttum og fleiri fögum. Þriðja verkefnið sem skólinn hlaut viðurkenningu fyrir er *Username: children, Password: rights*. Tengist það verkefni samfélagsfræði og tungumálum og fjallar um réttindi barna, flóttafólk og frið. Nendum var skipt í pör og hópa þvert á lönd, stundaðar umræður og horft á myndbönd. Sex lönd tóku þátt.

Gæðamerkið og verðlaunin eru ætluð til þess að vekja athygli á góðum árangri skólanna og hvetja þá til áframhaldandi

þátttöku í evrópsku samstarfi og notkunar upplýsingatækni.

eTwinning er aðgengilegt skólasamfélag á netinu þar sem hægt er að komast í samband við evrópska kennara og skólafólk, taka þátt í einföldum samstarfsverkefnum og sækja sér endurmenntun á vinnustofum og námskeiðum, svo nokkuð sé nefnt, allt með hjálp upplýsingatækni. eTwinning er hluti af Erasmus+ menntaáætlun ESB og var hleypt af stokkunum árið 2005. Í hverju landi er landskrifstofa sem styður þátttakendur endurgjaldslaut. Hér á landi gegnir Rannís því hlutverki. Yfir þúsund íslenskir kennarar hafa tekið þátt í eTwinning á einn eða annan hátt, og telja samstarfsverkefnið brátt sjö hundruð.

annska@bb.is



Hafdís Gunnarsdóttir

– Sjónarmið –

Sykurpúkinn

Á sunnudaginn síðastliðinn sat ég í bílnum mínum á leiðinni heim frá Reykjavík. Ég hlustaði á útvarpið alla leiðina enda margt áhugavert að gerast á Íslandi, svo sem spennandi formannslagur í Framsóknarflokknum og Katla farin að minna á sig. Þegar ég keyri langar vegalengdir fæ ég mikla þörf fyrir að maula eitthvað á leiðinni og þá er hollustan ekkert alltaf í fyrirrúmi. Ok, í þessum tilfellum er hún eiginlega aldrei í fyrirrúmi. Þar sem ég sit undir stýri með fullan munninn af Nóa kroppi kom frétt um offitufaraldurinn sem geisar um heiminn og sykurskattinn sem á að taka á faraldrinum. Einhver sænskur sérfræðingur um þessi mál taldi sykurlaust vera helstu ástæðu offitu og sagði að sykurskattur væri besta ráðið til tækla ástandið. Það er fátt sem

eyðileggur súkkulaðisæluna jafn hratt og sérfræðingur að tala um sykurlaust og offitu í sömu setningu. Mér leið eins og ég væri með sykurlaust á annarri öxlinni og engil á hinn. Svona eins og var alltaf í teiknimyndunum um Tomma og Jenna. Púkinn sagði mér að halda áfram að borða og skipta um rás, en engillinn sagði mér að stöðva bílinn og spýta út súkkulaðinu og gera 100 arm-beygjur. Ég fór einhvern lélegan milliveg og kyngdi með semingi Nóa kroppinu sem ég var byrjuð að borða og henti restinni. Árans samviskan að eyðileggja allt.

En er sykurskattur rétta leiðin? Á Íslandi var settur á sykurskattur árið 2013, en hann var aflagður um áramótin 2014–2015 þar sem hann hafði lítil sem engin áhrif á sykurneyslu Íslendinga. Samkvæmt rannsókn Rannsóknarseturs verslunarinnar á áhrifum

skattsins kom fram að áhrifin hafi meðal annars verið mjög lítil þar sem fólk hafði ekki sambærilegar vörur til að velja úr, sem ekki féllu undir sykurskattinn. Sykurskatturinn var nefnilega skattur á sætt bragð en ekki bara sykurlaust. Fleiri lönd hafa sett á sykurskattinn en hann hefur hingað til ekki skilað árangri. Bretar voru að leggja hann á og binda miklar vonir við að hann hafi betur gegn offitunni. Þó eru skiptar skoðanir um það. Samt heldur þessi sænski sérfræðingur því fram að sykurskattur sé besta leiðin.

Ég er ekki mikið gefin fyrir forsjárhyggju og finnst að ríkið eigi ekki að segja mér hvað ég megi og eigi að borða. En þar sem ríkið rekur sjúkrahúsin og heilsugæslurnar í landinu, á það ekki að fá að segja eitthvað til um það hvernig við spornum gegn offitufaraldrinum sem kostar

okkur mikla peninga á ári hverju? Jú, ég get verið sammála því. Ég get hins vegar ekki séð hvernig sykurskattur á að draga úr offitu í heiminum. Fólk mun áfram sækja í sætindi þó þau hækki í verði.

Ég er þó með eina hugmynd, sem er alls ekki ný og upphaflega ekki mín, sem gæti mögulega dregið úr sykurneyslu. Hvernig væri ef verslanir myndu ekki hafa sælgæti út um allt og sérstaklega ekki við kassana? Ég veit ekki með ykkur en ég myndi þá kaupa minna af sælgæti. Þegar við stöndum í röð við búðarkassann og bíðum eftir að röðin komi að okkur sjáum við ekkert annað en sælgæti út um allt. Og þá langar mig nánast alltaf í sælgæti. Verslanir eru markvisst að reyna pranga upp á okkur helling af sælgæti, í stað hollari valkosta sem kosta jafnvel meira. Svo þegar börnin eru með okkur í búðinni, boy o boy, þá

er alltaf suðað því sælgætið er allstaðar.

Ríkið sér sig knúð til að takmarka aðgengi okkar að tóbaki og áfengi. Það sér sig knúð til að takmarka sýnileika tóbaks og áfengis. Vörur sem aðeins fullorðin fólk má kaupa. Þetta er gert til að sporna við neyslu áfengis og tóbaks því vissulega felst mikill kostnaður í því fyrir samfélagið þegar þessar vörur eru misnotaðar. En hvað með sykurlaust og offitufaraldurinn? Sykurneyslan kostar samfélagið líka glás af peningum og sú neysla byrjar snemma á ævi fólks. Hún hefst þegar við erum lítil börn. Sætindi eru svo oft markaðssett til að ná til barna. Samt erum við með þessar vörur til sýnis út um allt og helst í aughæð barna. Hvernig væri að fara takmarka sýnileika sætinda?

Hafdís Gunnarsdóttir

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



Fulleldað
Aðeins að hita

498
kr. 330 g

Ali Snitzel og Gordon Bleu
Foreldað, 330 g



1.698
kr. kg

Íslandsnaut Ungnautahakk
Ferskt



1.398
kr. kg

**SÉRSKORIÐ
LAMBALÆRI**

Íslandslamb Lambalæri
Ferskt, kryddað, sérskorið

GOTT VERÐ Í BÓNUS



1.279
kr. 900 g

ES Kjúklingabringur
Frosnar, 900 g



598
kr. kg

Ali Grísabógur
Ferskur



398
kr. 1,36 kg

Amerísk Smáeppli
2 tegundir, 1,36 kg



Úrbeinuð kjúklingalæri

1.279
kr. 700 g

Rose Kjúklingalæri
Frosin, úrbeinuð, 700 g



1.237
kr. kg

Brauðostur, 26%
Verð áður 1.537 kr. kg



398
kr. 500 g

Akursel Gulrætur
Lífrænar, 500 g



998
kr. pk

Nicky Salernispappír
16 rúllur í pakka



15
pvottar

598
kr. pk.

Neutral Pvottaefni
15 pvottar



1.498
kr. pk.

Libero Bleiur
4 stærðir

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með 9. október eða meðan birgðir endast



Útgefandi: Athafnagledi ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Lítróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthafið bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Svört mótmæli

Svo ótrúlegt sem manni virðist það hér í rósemdinni og haustrokinu á Vestfjörðum þá hefur það hvarflað að stjórnvöldum í Póllandi að þrengja svo að sínum konum að meira að segja fósturlát getur leitt til sakamálarannsóknar og fangelsisvistar, það er að segja ef móðirin getur ekki sannað að fósturlátið hafi ekki verið af mannavöldum. Barnshafandi kona eftir nauðgun mun ekki eiga kost á fóstureyðingu og gildir það líka þótt konan sé ennþá barn. Í Póllandi ríkja fyrir ströngustu lög Evrópu hvað varðar fóstureyðingar og enn skal herða tókin. Í þessu sem svo mörgu öðru er trúarbrögðum beitt til að kúga og refsa og áttum okkur á því að þar eru engin trúarbrögð undanskilin. Sérstaklega virðist vera hægt að böðlast á réttindum kvenna þegar löggjafinn er ofurseldum öfgum í trúmálum. Í þessum efnum getum við barið okkur á brjóst því í íslenskum lögum er réttur kvenna til yfirráða yfir eigin líkama nokkuð góður, þó sjálfsagt megi það bæta. Það þarf hins vegar að lúslesa íslenska löggjöf og hreinsa út öll lög sem byggja á trúarlegum forsendum.

Heimspressan logar vegna lagasetningar í Póllandi en íslenska pressan hefur einbeitt sér að landsþingi framsóknarmanna. Þar féll sitjandi formaður úr sínu sæti og við tók nýr, mjótt var á munum og litlar líkur á að í kjölfarið muni friður ríkja í þessum elsta núlifandi stjórnmalaflokki landsins. Í kjölfar hrunsins var uppi hávær krafa um nýtt Ísland, með nýja stjórnarskrá og lýst var yfir stríði við spillingu og einkavinavæðingu. Smátt og smátt virðist þetta þokast í rétta átt hjá okkur og fjölmenni á Austurvelli þegar upp komst um pólitíska skattaskjólseigendur þar sem forsætisráðherra bar höfuð og herðar yfir aðra skattaskjólseigendur sýnir að þjóðin getur sýnt viðnám þegar henni er ofboðið. Stjórnmalamaður sem upplýsir ekki um hagsmuni sína og segir ekki satt er óhæfur, það er ekki flóknara.

Að geyma fé sitt í skattaskjólum er löglegt en það er algjörlega siðlaust. Stjórnmalamaður sem hefur svo mikið sem hugleitt, hvað þá undirritað gögn þar að lútandi, að geyma fé sitt í felum er óhæfur til að sýsla með opinbera sjóði. Að fela honum umsjón ríkiskassans er eins og að ráða mink til að gæta hænsna.

BS

Spurning vikunnar

Fylgist þú með framboðskynningunum á Rúv?

Alls svöruðu 250
 Já, sögðu 71 eða 28%
 Nei, sögðu 122 eða 49%
 Stundum, sögðu 57 eða 23%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Stórlaxasumri lokið í Langadalsá

Sumarið 2016 var mikið stórlaxaár í Langadalsá. Lokatölur liggja nú fyrir en alls var landað 245 löxum og 16 sjóbleikjum þetta árið og var aflinn 66% stórlaxar eða 161 stórlax á móti 84 smálöxum. Samkvæmt grófum útreikningum var meðallengd laxins í ár 75 sentimetrar, 22 laxar yfir 90 sentimetrum veiddust, þar af tveir yfir metra að lengd. Þó laxinn sem veiddist í ár hafi verið af stærri gerðinni var áin að gefa mun minna en þegar að hún er upp á sitt besta. Síðasta ár var til að mynda afar gott, það þriðja besta frá upphafi veiðinýtingar, er 453 löxum var landað.

Aflahæstu staðir árinna voru Brúarstrengur þar sem 65 laxar veiddust og 52 komu úr Túnfljóti. Alls var 89% stórlaxi sleppt aftur í ána en 12% af smálaxinum þannig að nóg verður eftir af laxi til að hrygna þetta haustið en seiðamælingar undanfarinna ára hafa sýnt mjög góðan seiðabéttleika í áni.

Í fróðleik sem finna má um laxa og háttalag þeirra á Vísindavefnum segir að stór hluti laxa drepist að lokinni hrygningu þar sem þeir nærast



ekkert meðan þeir eru að leita að hrygningarstöðum. Þeir laxar sem lifa af dveljast við mikið hungur í áni yfir veturinn og ganga síðan til sjávar næsta vor.

Af öðrum laxafróðleik má nefna svar við vangaveltum fólks um hvernig fullorðnir laxar rata aftur í ána þar sem

þeir ólust upp. Beina menn þar helst athyglinni að þefskyni laxins - sem er um þúsund sinnum næmara en þefskyn hunda! Svo virðist vera sem laxinn þekki ána þar sem hann ólst upp á lyktinni.

annska@bb.is

Forritun er lykilmæli

Úthlutað hefur verið styrkjum úr sjóðnum Forritarar framtíðarinnar fyrir árið 2016. Sjóðnum bást um 30 umsóknir í þessari úthlutun, flestar frá grunnskólum. Alls fengu fjórtan skólar styrk og meðal þeirra eru Grunnskóli Vesturbyggðar og Tálknafjarðarskóli. Virði styrkjanna er samtals tæplega tólf milljónir króna, en þeir eru í formi tölvubúnaðar og þjálfunar kennara til forritunarkennslu fyrir nemendur.

Í þessari úthlutun munu á annað hundrað kennarar fá þjálfun til að kenna forritun og verða 100 tölvur afhentar. Þjálfun kennara skiptir miklu máli því þar styður sjóðurinn einna best við innviðina í skólunum þar sem hún yfir undir áhuga á forritunar- og tæknimenntun innan skólanna auk þess að auka og byggja upp þekkingu. Þörf fyrir góðar tölvur er mikil í skólakerfinu en ekki er óalgengt að skólar landsins notist við 8 ára og jafnvel þaðan af eldri vélar í kennslu, vélar sem segja má að séu orðnar úreltar.

Í skýrslu evrópska skólanets-



Forritun í auknum mæli lykilmæli grunnskólanema. Mynd: Forritarar framtíðarinnar.

ins (European Schoolnet)(1) frá því í október 2014 kemur fram að forritun er í auknum mæli að verða lykilmæli sem allir krakkar ættu að tileinka sér á einn eða annan hátt. Auk þess er færnin mikilvæg á vinnumarkaði í hinum ýmsu greinum. Forritun er þar skilgreind sem rökhugsun sem er orðin ein af lykilmæli tuttugustu og fyrstu aldarinnar. Í skýrslunni kemur einnig fram að

kennarar hafi almennt ekki verið nægilega vel undirbúnir fyrir að forritun sé sett á námskrá.

Þess ber að geta að skólarnir sem fá styrk, skuldbinda sig til þess að setja forritun á námskrá í að minnsta kosti tvö ár. Þessi skuldbinding tryggir að jafnt stúlkur sem og drengir fái kennslu í forritun sem vonandi skilar sér til lengri tíma í fjölgun kvenna í tæknigeiranum.

Ráðgjafa- og nuddsetrið opnar á nýjum stað



Ráðgjafa- og nuddsetrið er þar sem Gullauga var áður til húsa.



Stóreflis áttaviti þrýðir gólfíð á einum stað.



Stebbi við nuddstólana góðu.

Ráðgjafa- og nuddsetrið á Ísafirði hefur fært sig um set og opnaði í síðustu viku í nýjum húsakynnum við Hafnarstræti 4, mitt í miðbænum þar sem Gullauga var áður til húsa. Það er Stefán Dan Óskarsson sem er potturinn og pannan á bak við Ráðgjafa- og nuddsetrið og býður þar upp á áfengis- og vímuvarnarráðgjöf og ýmsar útgáfur af nuddi. Í setrinu er einnig hægt að komast í infrarauða klefa, þar sem gott er að ylja sér er vetur sækir að, þar má fara í

nuddstóla og einnig er boðið upp á tannhvítun með LED-ljósi sem hefur notið talsverðra vinsælda undanfarin misseri.

Búið er að framkvæma talsverðar endurbætur á húsnæðinu og búið að mála landslag á vegg, jafnframt því sem gólfíð þrýðir stórglæsilegur áttaviti. Stebbi sem hefur aðstoðað margan Vestfirðinginn með andlega og líkamlega heilsu sína hyggst halda því góða starfi áfram á nýjum stað.

annska@bb.is



Stebbi Dan hefur flutt Ráðgjafa- og nuddsetrið að Hafnarstræti 4.



ÍSAFJARÐARBÆR

Atvinna

Aðstoðarmatráður óskast til starfa í leikskólann Sólborg á Ísafirði. Um er að ræða 87,5% starfs-
hlutfall. Umsóknarfrestur er til og með 14. október.

Nánari upplýsingar á www.isafjordur.is.

Til sölu



Tekkskrifborð, sérsníðað og vandað til sölu.
Upplýsingar í síma 861-8993.

Söngurinn hefur alltaf fylgt mér

Anna Þuríður Sigurðardóttir



Líf Önnu Þuríðar Sigurðardóttur hefur tekið óvænta stefnu eftir að hún ákvað á síðasta ári að slá til og syngja tvö lög á tónleikum í Bolungarvík með gítarsníllingnum Birni Thorodd- sen. Ekki sá hún fyrir að sá litli gjörningur yrði til þess að hún færi nokkrum mánuðum seinna til tónlistarborgarinnar Nashville að taka upp plötu með sjálfum Robben Ford sem unnið hefur með fólki á borð við George Harrison og Bob Dylan.

Blaðamaður Bæjarins besta settist niður með Önnu Þuríði er hún kom vestur á heimaslóðirnar að smala með móðurfólkinu í Tröð í Önundarfirði. Við mæltum okkur mót á Ísafirði í sömu svipan og hún renndi í bæinn, líkt og stórstjörnu með umsetin tíma- plön sæmir. Söngkonan unga er þó ekki með neina stjörmustæla, hún kemst sennilega álíka langt frá því og hægt er að komast. Yfirveguð og ljúf, með báða fætur kirfilega á jörðinni, líkt og lesa

má í viðtalinu.

Anna Þuríður er hreinræktaður Vestfirðingur, dóttir Höllu Signýjar Kristjánsdóttur sem er frá Brekku á Ingjaldssandi og Bolvíkingsins Sigurðar Guðmundar Sverrissonar. Hún bjó fyrstu æviárin að Kirkjubóli í Bjarnardal, þar sem fjölskyldan á sumarhús í dag og ver drjúgum stundum. Er þau bjuggu að Kirkjubóli var þar tvíbýli og voru sambýlingar þeirra heiðurshjónin Guðmundur Ingi Kristjánsson ljóðskáld og Þuríður Gísladóttir, sem Anna Þuríður var skírð í höfuðið á, og Jóhanna systir Guðmundar Inga.

„Ég fór alltaf yfir til þeirra á morgnana og fékk mér hafragraut. Þetta var öðruvísi uppeldi en flestir jafnaldrar mínir þekkja, því þau voru náttúrulega mjög fullorðin, á ní- og tíræðisaldri þegar þetta var. Ég man eftir Jóhönnu að spinna ull og það er næstum eins og ég hafi fengið að fara aftur í tímann með þeim og þetta er mjög dýrmætt.“ segir Anna Þuríður og birtir yfir henni við minninguna. Hún fór ekki varhluta af skáldagáfum nágrannanna og vildi strax geta fetað í þau fótspor. „Jóhanna var líka skáld og þegar ég var fimm ára bað ég hana um að kenna

mér að gera ljóð og hún svaraði að bragði:

*Hún birtist hún Anna
svo björt og góð
Og brosandí spurði Hönnu
Geturðu kennt mér að gera ljóð.
Góða vísu um Önnu.“*

Anna Þuríður segist hafa rokið með það sama til mömmu sinnar og borið henni vísuna og hún í framhaldinu samið lag við hana svo litli sólargeislinn á Kirkjubóli myndi ekki gleyma vísunni sinni. Anna komst auðvitað ekki upp með annað en að syngja vísuna fyrir blaðamann sem bráðnaði gjörsamlega yfir fallega söngnum og þessari hjartkæru sögu.

Fjölskyldan, sem telur auk Önnu þrjú systkini til, bjó í Önundarfirði þar til Anna var tólf ára að undanskildum þremur árum í Borgarnesi. Þá fluttu þau til Bolungarvíkur, þar sem fjölskyldan býr enn. Anna er reyndar búsett í borginni um þessar mundir þar sem hún nemur íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands.

Anna Þuríður segir að hlutirnir hafi oft farið á annan veg en þann sem hún hafi fyrirséð í æsku. „Ég hlakkaði mikið til að fara í leikskólann sem var starfræktur í Holti, en akkúrat þegar ég átti að fara í leikskóla þá var leikskólan-

um í Holti lokað og honum breytt í grunnskóla en þegar ég átti að fara í grunnskóla þá fluttum við í Borgarnes. Síðan þegar við flytjum að Þórustöðum þremur árum síðar þá er grunnskólinn í Holti hættur og ég sótti skóla á Ísafirði.“

Hún segist ekki hafa verið á eitt sátt þegar fjölskyldan ákvað að flytjast til Bolungarvíkur og fundist tilhugsunin að fara úr skólanum á Ísafirði ekki góð og fara í lið með andstæðingunum úr Víkinni. Hún segir að vopnin hafi þó verið fljót að snúast í höndum hennar og hún fljótlega orðið mikill Víkari. „Það var rosalega fínt að vera í Víkinni, virkilega skemmtilegir krakkar og góður andi.“

Söngurinn frá ömmu

Í Bolungarvík byrjaði Anna Þuríður að syngja meira af alvöru en hún hafði áður gert, en fram að því hafði hún sungið með barnakórnum. „Hrolli Vagns ætlaði að vera með kórastarf utan skóla, en það skráðu sig fáir. Við vorum kannski fimm stelpur sem skráðum okkur og hann ákvað að vinna bara með okkur samt og leyfði okkur að fara í stúdíóið sitt, þar sem við fengum að syngja og leika okkur að semja lög.“





Robben Ford, Björn Thoroddsen og Anna Þuríður.

Íris Kramer var líka með okkur og þetta var mjög skapandi og skemmtilegt.

Ári seinna fer ég svo að læra söng hjá Bjarneyju Ingibjörgu Gunnlaugsdóttur sem þá var að kenna í Bolungarvík og þegar að hún hætti að kenna þar fylgdi ég henni yfir á Ísafjörð. Ég var að æfa söng alveg frá því að ég var í sjötta eða sjöunda bekk og fram í menntaskóla og þá hætti ég bara vegna anna.

Söngurinn hefur alltaf fylgt mér. Ég man að ég söng fyrst fyrir framan annað fólk fimm ára í Ísafjarðarkirkju. Stína Gísla sem var prestur í Holti fékk mig til að koma og syngja og ég man hvað mér þótti þetta gaman og það má eiginlega segja að ég hafi ekki getað hætt eftir þetta. Mamma var reyndar voða dugleg að láta mig syngja hvenær sem færi gafst og ég var kannski ekkert alltaf neitt rosalega ánægð með það, en það vinnur með mér í dag.

Anna Þuríður segir mikla tónlist í móðurfólki sínu, Brekkufjölskyldunni, og amma hennar hafi mikið sungið. „Amma sagði mér oft frá því er hún fór til Reykjavíkur sem vinnukona til söngkennara, Davínu Brander sem kenndi óperusöng og amma hafði mikið dálæti á. Eitt sinn er

amma var að syngja með heimilisverkunum heyrði kennarinn í henni og bauð henni í kennslu til sín sem var því líkt tækifæri fyrir hana og draumur að rætast. En svo eftir stuttan tíma í dvölinni hringir mamma hennar og segir henni að koma aftur heim því hún þurfi að koma og mjólka kúna í veikindum ömmu sinnar. Amma talaði mikið um þetta hvernig hún missti þarna af söngferlinum.“

– Finnst þér þá að hluta til eins og þú sért að gera þetta fyrir ömmu?

„Já algjörlega. Mér finnst hún alveg fylgja mér í þessu. Ég vildi mikið að hún væri á lífi svo ég gæti séð viðbrögðin hennar. Hún sagði alltaf við mig að ég hefði söngróddina frá henni“ svarar Anna Þuríður og hlær að minningunni.


Anna segir líka skondna sögu af því hvernig undarleg tilviljun varð til þess að hún gat haldið áfram söngnámi eftir að til Reykjavíkur var komið.

„Ég hafði lært grunninn að Complete vocal technique hjá Bjarneyju Ingibjörgu og fann að sú tækni hentaði mér mjög vel og var að skoða slík námskeið hjá Heru Björk. Ég var búin að finna námskeið sem mig langaði mikið á og ég hringdi í mömmu

til að reyna að finna út hvernig ég gæti fjármagnað það, en það er mjög dýrt að læra söng fyrir sunnan og það kom til tals að hún lánaði mér peninginn eða ég gæti kannski fengið þetta í jólagjöf. Daginn eftir hringir mamma í mig og segir mér frá því að hún hafi verið að færa sig á milli banka og þá hafi komið í ljós bankabók sem hún kannaðist ekki við og þjónustufulltrúinn segir, hér er einhver bók frá árinu 1995 merkt Önnu Þuríði. Þá var þarna bók sem hafði verið gerð í kjölfarið á skírminni og hún innihélt nákvæmlega þá upphæð sem ég þurfti fyrir námskeiðinu.“

Eldri en í árum talið

Anna Þuríður er í sambúð með stjórnmalafraðinemanum Aroni Guðmundssyni, sem er yngsti sonur Gumma Sala og Ingu Siggu heitinnar. Hún hafði einungis verið í lífi hans í tvo mánuði þegar að móðir hann greinist með hinn illvíga MND sjúkdóm sem dró hana til dauða innan við þremur árum frá greiningu á veikindum hennar. Anna segir þennan tíma hafa verið erfiðan, hún hafi strax gert sér grein fyrir alvarleika málsins eftir að hafa



Anna Þuríður og Aron.

þekkt til manneskju sem glímdi við sjúkdóminn.

„Þetta var rosalega erfiður tími, en hann var líka mjög lærdómsríkur. Ég þroskaðist um miklu fleiri ár en þau sem liðu á þessum tíma. Þessi ár sem við Aron erum búin að vera saman hafa á margan hátt verið mjög þung. Það byrjaði náttúrulega á því að Inga greinist, síðar sama ár fæðir systir mín barn langt fyrir tímenn, sem hafði það ekki af og fjórum mánuðum seinna deyr amma. Svo þessi tími var verulega erfiður.“

Á þessum tímamarki fáttaði ég af hverju mér hafði fram til þessa ekki fundist ég vera að tala við tuttugu og eins árs gamla manneskju, líffreyngsla lætur okkur nefnilega í té einhvern þroska sem ekki er mældur í árum, hvort sem við kunnum því betur eða verr. Önnu Þuríði er þó greinilega samt að horfa á björtu hliðarnar.

„Ég er rosalega þakklát að hafa fengið að kynna Ingu Siggu, þó ég hafi ekki fengið langan tíma með henni, hún var yndisleg kona. Ég er svo þakklát fyrir það líka að tónleikarnir okkar fyrir sunnan eru akkúrat á afmælisdaginn hennar 22. október,



Í hljóðveri í Nashville.

hún studdi mig svo vel í söngnum og bað mig oft að syngja fyrir sig. Mér þótti svo vænt um það þegar við vorum að undirbúa jarðarförina og velja lög fyrir hana þá spurði ég Gumma hver hefði verið uppáhalds söngkonan hennar. Þá svaraði hann „þú.“ Ég hefði svo gjarnan viljað fá að eiga meiri tíma með henni.“

Inga Sigga var í miklum metum meðal samferðafólks síns á Ísafirði og kom það bersýnilega í ljós í veikindum hennar. „Til marks um það hvað samfélagið hérna er æðislegt, þá fara vinir hennar af stað með söfnun fljótlega eftir að hún greinist, svo að hún geti farið í draumaferðina sína með Gumma til bresku eyjunnar Guernsey, sem hún hafði heillast af í bók sem hún las og síðan fóru þau til Parísar og var þessi ferð líkt og draumur að rætast.“

Að fara með fjölskyldunni og Ingu Siggu í gegnum veikindin kenndi mér margt. Það kenndi mér að bíða ekki með hlutina og að lífið er núna. Ég hef nokkrum sinnum staðið frammi fyrir því að

ætla að bíða með eitthvað, en svo hugsað „nei, það er bara núna!“ Lífið er stutt.“

Anna Þuríður segir að augu hennar hafi opnast fyrir mörgum hlutum í veikindum Ingu Siggu, hlutum sem fólk kannski gefi ekki gaum dags daglega, líkt og hjólastóláaðgengi. „Hvert sem ég fer núna er ég að spá í þetta og tek svo vel eftir ef aðgengi takmarkar aðgang fólks að stöðum. Við kynntumst líka vel starfsemi MND félagsins, sem er rosalega skemmtilegur félagsskapur. Við til að mynda fórum með þeim á MND-ráðstefnu í Brussel og ég finn svo vel hvað mig langar til að starfa með félaginu áfram og berjast fyrir bættum lífsgæðum MND sjúklinga og auknum rannsóknum. Það hefur verið þannig að takmörkuðu fé var veitt til rannsókna vegna þess að ekki þóttu nógu margir greinast með sjúkdóminn til að það væri forsvaranlegt. En svo kom ísfötu-áskorunin sem bæði kom með mikið fjármagn til rannsókna og var mikla vitundarvakningu meðal almennings.“



Fyrsti opinberi söngurinn í Ísafjarðarkirkju.





Aron hefur verið öflugur talsmaður MND-samtakanna með þátttöku í Reykjavíkumaraþoninu þar sem hann hefur safnar hátt í 2 milljónum fyrir félagið og má með sanni segja að unga parið sé mikið hugsjónafólk.

Fann sig í íþrótt- og heilsufræðum

Anna Þuríður lauk stúdentsprófi á náttúrufræðibraut við Menntaskólann á Ásafirði vorið 2015. Hún segir skólagönguna hafa verið afar skemmtilega og þá sér í lagi að vinna með leikfélagi skólans sem hún gerði í þremur uppfærslum; Grease, Þrek og tár og Hairsprey. En skyldi hún þá ekki hafa velt því fyrir sér að fara í leiklistarskólann?

„Mig langar það nú alveg og það væri algjör draumur, en satt að segja þá held ég að ég sé ekki nógu góð leikkona til þess, ef ég á að vera alveg hreinskilin“ segir Anna Þuríður af festu, sem ber vott um að söngkonan unga sé algjörlega með báða fæturna á jörðinni.

„Ég var alveg ákveðin í því þegar ég var lítil að verða lækni, en svo þegar ég fór að eldast þá bakkaði ég frá því aðallega þegar ég fór að átta mig á vinnutíma og slíku. Þá hallaðist ég að því að læra sjúkraþjálfun, þar sem ég hef alltaf haft sérlega gaman af áföngum líkt og líffræði, eðlisfræði, líffæra og lífeðlisfræði og slíku. Ég skráði mig í námið

í Háskólanum, en einhvernvegin tókst mér að klúðra að borga fyrir prófið sem þarf að taka til að komast inn, þannig að rétt áður en skólinn byrjaði átta ég mig á því að ég er ekki skráð í neitt nám og í einhverri fljótfærni þá ákveð ég að skrá mig í lögfræði. Ég tók A-prófið og kemst inn, byrja í skólanum og þegar ég var búin að vera í viku, þá hélt ég að ég myndi deyja úr leiðindum og var alveg viss um að þetta væri ekki fyrir mig svo ég færði mig yfir í kennarann. Ég kunní ágætlega við mig þar en í haust þegar ég var að byrja í skólanum aftur þá sé ég að þar er byrjað nám í íþrótt- og heilsufræðum, sem mér fannst verulega spennandi. Ég er núna mjög fegin að ég skipti því ég er rosalega ánægð þar.“ Anna Þuríður segir að það sé úr nægu að velja fyrir íþrótt- og heilsufræðinga þegar kemur að starfsvali að námi loknu, hún geti orðið bæði íþróttakennari sem og íþróttþjálfari, hún geti verið heilsufræðingur, unnið að rannsóknnum eða starfað með sjúkraþjálfurum.

Öskubuskuævintýri í Bolungarvík

Mikið ævintýri upphófst í lífi Önnu Þuríðar á síðasta ári. Það hófst með því að gítarsnillingurinn Björn Thoroddsen kom til Bolungarvíkur til að halda tónleika þar sem hann heiðraði Bítlana með gítarspili. Hann vildi

endilega fá heimamanneskjur til að syngja með sér í nokkrum lögum og hafði Benedikt Sigurðsson af þeim sökum samband við Önnu Þuríði og bað hana að syngja með Birni. Það varð úr að hún fór og söng tvö lög á tónleikunum, en ekki óraði hana hversu miklu þessi litla kvöldstund myndi breyta lífi hennar næsta árið.

„Benni segir mér eftir tónleikana að Birni hefði listit mjög vel á mig og var að velta því fyrir sér hvort ég væri mögulega til í að taka eitthvað upp með honum. En svo heyrði ég ekkert frá honum fyrr en þremur mánuðum síðar að hann hringir í mig og spyr hvort ég sé til í að koma og syngja smá demó fyrir hann. Ég var alveg til í það þó ég vissi í raun ekkert hvað málið snérist um. Nokkrum dögum eftir að ég gerði það hringir hann í mig og segir mér frá þessu verkefni sem hann var að fara út í með þessum fræga gítarleikara, Robben Ford og hann vanti söngkonu og spyr mig hvort ég vilji vera með. Ég vissi ekki hverju ég ætti að svara og sagðist ætla að hugsa málið. Benni Sig hringir þá í mig og segir að þetta sé nú ekki tækifæri sem ég ætti að láta framhjá mér fara og býðst til að hjálpa mér og peppaði mig áfram.“

Anna Þuríður segir að þó að hún hafi ekki stokkið til á fyrstu mínútu hafi hún þó vitað að þetta væri eitthvað sem hún mætti ekki

slæppa, enda stór draumur um að fá tækifæri til að syngja að rættast. Hún slær til og nokkrum dögum seinna eru þau Björn komin á fullt að velja lög og senda upptökur á Robben Ford.

„Forsagan er sú að Björn og Robben ákveða að gera plötu saman og þá vantar söngkonu. Robben kemur með þá tillögu að söngkonan verði íslensk og Björn sendir honum hugmyndir að nokkrum söngkonum. Hann mundi þá eftir mér síðan á tónleikunum í Bolungarvík og þegar að Björn sendi honum upptökur með mér, þá segir Robben „Já þetta er röddin sem við erum búnir að vera að leita að.“ Við hlæjum að því að þetta sé svolítið eins og nútíma Öskubuskuævintýri þar sem óreyndri söngkonu í Bolungarvík býðst skyndilega að vinna með heimspekknum tónlistarmönnum og Anna Þuríður segist þá stundum enn vera að bíða eftir því að vakna, því þetta hljóti að vera draumur.

„Ég held að fólk hér á Íslandi geri sér kannski ekki grein fyrir hvað Robben Ford er stór í þessum bransa. Ég gerði mér enga grein fyrir því sjálf fyrir en ég fór að gúggla hann. Hann túraði með George Harrison, spilaði með Kiss og Miles Davis til dæmis. Ég tók sérstaklega eftir því þegar við vorum úti að allir sýndu honum mikla virðingu og hann var alltaf ávarpaður með „sir.“

Í upptökum í Nashville

Anna Þuríður og Björn unnu efnið fyrst talsvert hér heima, Björn samdi lög og Robben sendi þeim lög úr sinni smiðju og svo fengu þau áður óútgefin lög frá engum öðrum en meistara Bob Dylan.

„Robben hefur líka verið að spila með Dylan og hann talaði við hann og spyr hvort hann megi nota eitthvað af gömlu lögnum hans sem hann hefur ekki gefið út. Svo við tókum upp þrjú Dylan lög og af þeim fóru tvö á diskinn.“ Anna Þuríður segist ekki vita hvort að Dylan hafi heyrt lögin, en það er ekki laust við að það sé spennandi tilhugsun um að sjálfur Bob Dylan hlusti á unga Bolungarvíkurmær heima í stofu. „Ég hugsa að mörgu leyti sé þetta miklu stærra fyrir Björn, hann er þarna að spila með mönnum sem hann hefur lengi litið upp til. Ég ímynda mér að þetta sé svipað og það væri fyrir mig að syngja með Adele.“

Þegar búíð var að velja lögin á diskinn héldu Anna Þuríður og Björn út til Nashville í upptökum. „Nashville er rosalega flott tónlistarborg og maður getur ekki farið neitt án þess að heyra lifandi tónlist. Við gistum reyndar í litlum bæ sem heitir Franklin og var hann eins og það væri fyrir mig að koma inn í senu í Desperate housewives, rosalega flottur, en óraunverulegur eins og kvikmyndasett. Nashville er hinsvegar bara akkúrat eins og þú sérð hana í öllum Suðurríkjamyndum, með kúrekum út um allt.

Stúdíóið sem við tókum upp í, Sound Emporium, var rosalega stórt og flott og á myndum á veggjunum mátti sjá að þar höfðu tekið upp listamenn á borð við Taylor Swift og Robert Plant. Þar var fullt af upptökuherbergjum og það sem við vorum í var bara eins og svið eða leikmynd, þar sem ég var í eigin herbergi sem var búíð að útbúa sem kofa. Síðan tókum við bara upp live. Við vorum með rosalega flotta hljómsveit með okkur sem Robben setti saman.“

Að sjálfssögðu er gítarleikur í stóru hlutverki á diskunum og eru engir aukvisar þar á ferð. Auk Björns og Robben sem eru miklar gítarhetjur spila þar einnig undrabarnið Tommy Emmanuel og Jerry Douglas, sem Anna segir að hafi eitt sinn þurft að fara fyrir úr upptöku því hann var að fara að spila með Paul Simon. Hún er nú alveg á jörðinni með þetta allt saman en segir að litlu hafi munað að liðið hefði yfir Aron kærastann hennar þegar hann hitti Tommy Emmanuel sem er í miklum metum hjá honum.


Anna Þuríður segist reyna að hugsa sem minnst út í hverslags stjörnur það eru sem hún er í slaglogi með á plötunni. „Já ef ég

Hvernig tryggjum við gott gengi ferðapjónustunnar á Vestfjörðum?



Helga Árnadóttir.

Við hjá Samtökum ferðapjónustunnar höfum átt samtöl við sveitarstjórnarfólk og ferðapjónustufólk að undanförunu, meðal annars á Vestfjörðum. Af þeim samtölum má ráða að straumur ferðamanna til Vestfjarða hefur aukist allra síðustu ár og að



Grímur Sæmundsen.

jákvæðra áhrifa þeirra á atvinnulífið og mannlífið gætir nánast alls staðar. Vestfirðir eru loksins komnir á ferðamannakortið, sagði einn viðmælandi okkar.

Afpreyingarmöguleikum, gististöðum og veitingastöðum hefur fjölgað, ferðamenn eru

fleiri en nokkru sinni fyrr og náttúrufegurðin, mannlífið og menningin stuðla að jákvæðri upplifun þeirra. Erlendu ferðamennirnir sækja í litlu bæjarfélögin, sveitina, söfnin, sundlaugarnar, kyrrðina, tæra loftið, bryggjulífið, trjáleysið, berangrið og sandana. Ferðapjónustufyrirtækin á Vestfjörðum hafa mætt þessum vexti með uppbyggingu og fjárfestingu.

Áhyggjur af andvaraleysi stjórnvalda

En engin er rós án þyrna. Fólk hefur áhyggjur af andvaraleysi ríkisvaldsins við uppbyggingu innviða og úrbætur á ferðamannastöðum. Þetta hefur neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna, en ekki síður heimamanna. Ónýtur vegurinn út á Látrabjarg er skýrt dæmi.

Fjölgun ferðamanna skapar álag sem opinberir aðilar þurfa að bregðast við. Það er ekki nóg að ferðapjónustan standi sína plikt. Bæta þarf vegakerf-

id, fjölga bílastæðum, leggja göngustíga, fjölga salernum, auka öryggi, fjarlægja sorp og þar fram eftir götunum. Ríkið hefur mörg þessara verkefna á sínum herðum meðan önnur standa nær sveitarfélögunum. Á sama tíma þarf að bæta skipulag og stuðla að aukinni dreifingu ferðamanna, bæði innan svæða, milli landshluta og innan ársins.

Kjördæmisfundur um stöðu ferðapjónustunnar

Í aðdraganda Alþingiskosninganna gefst einstakt tækifæri til að fá oddvita stjórnmalaflokkanna í Norðvesturkjördæmi – kjördæmi Vestfjarða – til að mæta á fund og eiga samtal um leiðir til að tryggja eðlilegan vöxt og viðgang atvinnugreinarinnar.

Fundurinn verður haldinn í Menntaskóla Borgarbyggðar í Borgarnesi fimmtudaginn 13. október kl. 20.00. Allir eru velkomnir á fundinn, en sérstaklega hvetjum við fólk í ferðapjónustu og sveitarstjórnarfólk til að láta

sjá sig. Þar sem kjördæmið er víðfeðmt verður fundurinn sendur út á netinu á vefsíðu SAF og sómuleiðis verður upptaka af honum send út á sjónvarpsstöðinni N4.

Vítamínsprautu fyrir landsbyggðina

Ferðapjónustan eykur fjölbreytni atvinnulífs á landsbyggðinni. Hún heldur gjarnan í fólk sem annars væri á förum, dregur brottflutta heim og kallar á nýjar vinnufúsar hendur. Húsnæðismarkaðurinn fær vítamínsprautu, verslunin styrkir stoðir sínar og það glæðnar yfir mannlífina. Mikið er í húfi að ferðapjónustan fái að vaxa og dafna í sátt við land og þjóð, þannig allir geti notið góðs af.

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðapjónustunnar.

Grímur Sæmundsen, formaður Samtaka ferðapjónustunnar.

hugsa of mikið út í það þá fæ ég bara kvíðahnút í magann, þannig að ég reyni bara að vera alveg á jörðinni með þetta og hugsa um þau sem samstarfsfólk mitt sem geti leiðbeint mér.“

Fjölskyldan styður vel við bakið á Önnu í ævintýrum hennar, hún segir Aron stundum ekki ná tánum á jörðina af stolti og mamma hennar styðji hana með ráðum og dáð. Hún hafi til að mynda farið með henni út til Nashville í upptökurnar.

– En hvað skyldi hin unga söngkona ætla að framtíðin bæri í skauti sér?

„Ja héna, ég veit það ekki!“ segir Anna og hlær og bætir við „ef einhver hefði sagt mér fyrir ári síðan hvar ég myndi vera stödd í dag, þá hefði ég aldrei trúað honum. Svo ég held að það sé ekkert hægt að sjá það fyrir hvert lífið leiðir mig.“

Afrakstur samstarfs Önnu Þuríðar og Björns er nú að finna á nýútkomnum diskum sem ber heitið *Bjössu - Introducing Anna*. Þau munu kynna diskinn á tónleikunum *Reykjavík Guitarama 2016*, sem fram fara í Háskólabíói þann 22. október. Þar mun hún, ásamt Birni Thoroddsen og Robben Ford Band flytja lögina af disknum ásamt því sem þar mun fara fram mikil gítarveisla. Miða á tónleikana má kaupa inn á miðasöluvefnum midi.is

annska@bb.is





Sportið í beinni...

fimmtudagur 6. október

12:00 Golf - European Tour
18:45 Tyrkland - Úkraína
18:45 Ítalía - Spánn
18:45 Austurríki - Wales
20:45 HM Markasyrpa
22:15 Ísland - Finnland

föstudagur 7. október

12:00 Golf - European Tour
18:45 Holland - Hvíta-Rússl.
18:45 Lúxembúrg - Svíþjóð
18:45 Belgía - Bosnía-Herseg.
20:45 HM Markasyrpa
02:55 F1: Æfing - Japan

laugardagur 8. október

12:00 Golf - European Tour
16:00 England - Malta
16:00 Aserbaídsjan - Noregur
16:00 Armenía - Rúmenía
18:45 Pólland - Danmörk
18:45 Þýskaland - Tékkland
18:45 Skotland - Lítháen
20:45 HM Markasyrpa
02:00 UFC Bisping/Henderson
04:30 F1: Keppni - Japan
05:50 F1: Tímataka - Japan

sunnudagur 9. október

12:00 Golf - European Tour
16:00 Wales - Georgía
16:00 Úkraína - Kósóvó
16:00 Finnland - Króatía
18:45 Albanía - Spánn
18:45 Makedónía - Ítalía
18:45 Serbía - Austurríki
20:00 Dv Broncos - Atl Falcons
20:45 HM Markasyrpa
22:50 Ísland - Tyrkland

mánudagur 10. október

18:45 Svíþjóð - Búlgaría
18:45 Holland - Frakkland
18:45 Færeyjar - Portúgal
20:45 HM Markasyrpa

þriðjudagur 11. október

16:00 Kasakstan - Rúmenía
18:45 Slóvenía - England
18:45 Þýskaland - N.-Írland
18:45 Danmörk - Svartfj.land
20:45 HM Markasyrpa

Dagar Íslands

12. október 1949:

Óshlíðarvegur var opnaður á milli Hnífsdals og Bolungarvíkur. Fyrstu bifreið um veginn ók Sigurður Bjarnason alþingismaður en farþegar hans voru Hannibal Valdimarsson og Einar Guðfinnsson meðal annarra.

Helgarveðrið

Á föstudag, laugardag, sunnudag og mánudag:

Stíf suðaustlæg átt og vætusamt, en úrkomulítið N- og A-lands. Áfram milt veður.

Krossgátan

		VERKFERI	RÁÐAGERÐ	MÁLA		Á FÆTI	NAFNBÓT	SVELG
	AGN							
	VAFI				HÓPUR			
					ILMUR			
	HAGNÝTA					Í RÖÐ		
						FÖLNA		
	EIÐI							PÁPI
					ÍÞRÓTT			
					TÍU			
	TALA				PILLA			
					GRÚS			
	FRUM-EIND				KJAFT			ÁFENGIS-BLANDA
					TÓNLIST			
	ÍÞRÓTTA-FÉLAG						SPENDÝR	
							AFGANGUR	
	BJARGBRÚN						RÚN	
							GLUNDUR	
	FRÁ-RENNSLI				VOTVIÐRI			FISKUR
					LIÐORMUR			
						USS		
		FISKUR				TRÉ		
		PLÁSS						
	STEFNA				GÆTT			ATLAGA
					HÓFDÝR			
	ÁTT						BLESSUN	
			SVALL				ANGRA	
			REIK					
	GEGNSÆR				EINS		SLÁ	
					ÓNEFNDUR		SJÚK-DÓMUR	
	ÖTULL							
					UTANMÁL			
	DUGNAÐUR							
					AFTUR-ENDI			



ENDURSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is



Lausn á síðustu krossgátu

				SKART- KLEDI	ÓRÓI	SVIFA		BLUND	KK NAFN	SMÆRRI	
				BLÓM	S	Ó	L	B	L	Ó	M
				BYRPIŊ	K	V	Í	SPREI MÓTMÆLI	Ú	Ð	I
				RÓDRAR- MADUR	R	Æ	Ð	A	R	I	N
				MÁLUR	Ú	R	A	N	ÓNEFNDUR ÆSINGUR	N	N
				TVEIR EINS HALLANDI	Ð	Ð	RUSTI HLJÓFÆRI	D	Ó	N	I
				↓	VESEL	SAMTÖK		RÓDULL LAND- SPILDA	S	Ó	L
HLJÓF- ÆRI	B	A	S	S	I			UMSJÓN	DEFA		
RIKI Í SV-ASU	Í	R	A	K	UPP- VAKNING SNAP	L	Í	F	G	U	N
Í RÖB	L	M	VIÐBÓT KOSNING	Á	B	Ó	T	ERGIJA FÆRNI	A	M	A
UMFRAM	A	U	ÁGÆTIS ÓSKIPTU- LAG	E	Ð	A	L	TVEIR EINS ÓFOR- SJÁLNI	S	S	
STEINAR	G	R	J	Ó	T	SNÚA HEVI FUGL	R	I	F	J	A
	E	ÓSKIPTU SÆLGÆTI	Ö	L	L	U	BERJA HYGGST	S	L	Á	MORKNA
ERLENDIS	Y	T	R	A	PASSA AKUR	G	Æ	T	A	KAST	R
ELDSNEYTI	M	Ó	GÁ STEFNA	G	E	L	T	SÍÐAN MJAKA	S	V	O
FORSGÖN	S	P	Á	ÓVILD KRINGUM	K	A	L	A	STRIT TÍVILJÓDI	A	T
DUGLAUS	L	A	T	U	R	ÁVÖXTUR	A	K	A	R	N
SLJÓÐÓM	A	S	T	M	A	GORTA	R	A	U	P	A

Sudoku þrautir

						3		
2	5					4		
	8		7	2			1	4
			5					
			8			4		
		1	6			9		
		5					7	8
	6	3	2					5
8		4				1	2	

6				2		9	7	3
3	8			5				2
				4		8		
			9			4	5	8
4								
		9	4	1	6			
2		8	5		3			4
	3	6					2	9
		4			9	8	5	



Velunnurum þakkaður hlýhugur

Boðið var til kaffisamsættis á hjúkrunarheimilinu Eyri á Ísafirði í síðustu viku. Starfsfólk og íbúarildu með þessu móti þakka hlýhug sem þau hafa fundið fyrir hjá íbúum norðanverðra Vestfjarða frá því að hjúkrunarheimilið var tekið í notkun í janúar á þessu ári. „Við höfum fundið fyrir ótrúlegum velvilja og ég held að það séu ekki til þau félagasamtök sem hafa ekki sýnt þann velvilja í verki með gjöfum til Eyrar. Sama gildir um fjölda einstaklinga og fyrirtækja á svæðinu,“ segir Hildur Pétursdóttir, deildarstjóri Eyrar.

Eyri er nútímalegt hjúkrunarheimili með 30 herbergjum og er svo komið að íbúar eru komnir í þau öll. „Við bjuggumst ekki

við að það myndi gerast fyrr en í lok þessa árs en það hefur verið mikil ásókn og kominn biðlisti,“ segir Hildur.

Eyri er gjörbylting í umönnun aldraðra að sögn Hildar og ekki hægt að líkja aðstöðunni saman við öldrunardeildina á sjúkrahúsinu sem var lögð niður þegar Eyri

var tekin í notkun. Hún nefnir sem dæmi sumarið í sumar. „Á Eyri geta íbúarnir gengið beint út í garð og við vorum stundum með grill í góða veðrinu. Það er ekki hægt að líkja því saman við að vera uppi á annarri hæð á sjúkrahúsinu.“

Moby Dick og dvergarnir 6 og Sigþór réru til sigurs



Það var ansi haustlegt er róðrakeppni MÍ fór fram á Pollinum.

Árleg róðrakeppni Menntaskólans á Ísafirði fór fram í síðustu viku og tóku átta lið þátt. Það voru félagarnir í Moby Dick og dvergarnir 6 og Sigþór, sem báru sigur úr býtum og réru á tímanum 00:49:35. Í öðru sæti var karlalið kennara á tímanum 00:54:82 og í þriðja sæti urðu nýnemarnir í liði 1. bekkinga á tímanum 01:03:45.

Keppnin var hin skrautlegasta og gekk á ýmsu á Pollinum. Lið stjórnar NMÍ og lið Háskólaseturs 2 voru nánast hnífjón í mark

eftir að bátar liðanna höfðu flækst saman á leiðinni, en liði NMÍ tókst þó fyrir harðfyllgi að vera sjónarmun á undan liði Háskólaseturs. Þá urðu 2 síðustu liðin að hætta keppni vegna vaxandi hvassviðris undir lok keppinnar. Í tilkynningu um úrslit frá MÍ er keppendum þökkuð drengileg keppni og greint frá að stefnan sé sett á enn veglegri keppni næsta haust og telja víst að ýmsir þykist þar eiga harma að hefna.

annska@bb.is

smáar

Nýinbundnar bækur til sölu: Harmsaga ævi minnar, Strandamanna saga, Æviskrá Strandamanna, Sléttuhreppur, Kollsvíkurætt, Ættir Austfirðinga, Jeppabókin, Búvélur og ræktun og margar fleiri. Uppl. í síma 5577957.

PRENTUM
ALLT MILLI
HIMINS

↑
OG
↓

JARÐAR

Mánagötu 2
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

Þjónustuauglýsingar

HRADFYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær úþing sjávarauðlinda



VIÐHELDUR UNGLEGUM LJÓMA

NÝTT

CELLULAR PERFECT SKIN

Vinnur gegn hrukkum og viðheldur unglegum ljóma húðarinnar. Byltingarkennd formúla með magnlíðu þykkni sem eykur mótstöðukraft frumanna gegn stressi og Lumicinol sem dregur úr myndun húðbletta.



NIVEA

**CELLULAR
PERFECT SKIN**
SKIN ILLUMINATION

**SKIN-PERFECTING FLUID
SPF15**

Visibly refines pores & evens
out imperfections – Immediately
provides a youthful glow –
Reduces wrinkles

NIVEA

**CELLULAR
PERFECT SKIN**
SKIN ILLUMINATION

**SKIN-PERFECTING
FLUID SPF15**

Visibly evens out
imperfections – Instantly
boosts skin's youthful
radiance – Reduces wrinkles
Skin-adaptive Micro-Pigments &
Lumicinol

40ml